

Stærðfræði 6. bekkur

Kennarar: Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir; Hildur Karlsdóttir; Ingunn Óladóttir; Jóna K. Karlsdóttir

| 6

Lýsing

Skipulag kennslu í stærðfræði veturinn 2025-2026

Skólaárið

2025-2026

Helstu námsþættir vetrarins

Tölur og reikningur

Líkur

Tugabrot

Rúmfræði

Mælingar

Almenn brot

Mynstur

Margföldun og deiling

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Tímabil

25.08 – 29.08 (1 vika)

01.09 – 26.09 (4 vikur)

26.09

29.09 – 17.10 (3 vikur)

17.10

20.10 - 14.11 (4 vikur)

14.11

17.11 – 12.12 (4 vikur)

12.12

05.01 – 30.03 (4 vikur)

30.01

02.02 – 06.03 (4 vikur)

06.03

Viðfangsefni

Upprifjun – blanda úr 5. bekk

Kafli 1 - Tölur og reikningur

Lokapróf úr kafla 1

Kafli 2 - Líkur

Lokapróf úr kafla 2

Kafli 3 - Tugabrot

Lokapróf úr kafla 3

Kafli 4 - Rúmfræði

Lokapróf úr kafla 4

Kafli 5 – Mælingar

Lokapróf úr kafla 5

Kafli 6 – Almenn brot

Lokapróf úr kafla 6

09.03 – 10.04 (4 vikur)

Kaflí 8 - Mynstur

10.04

Lokapróf úr kafla 8

13.04 – 08.05 (4 vikur)

Kaflí 7 - Margföldun og deiling

11.05

Lokapróf úr kafla 7

Fyrirkomulag kennslunnar:

- Brottfararspjöld notuð reglulega til að taka stöðuna.
- Prófin í lok hvers kafla um sig eru nýtt sem forkönnun fyrir lokaprófið.
- Forkönnun er tekin fyrir lokapróf og nemendur fá nokkra daga til að þjálfa veikleika bæði heima og í skóla.
- Unnið með þrautir einu sinni í viku sem nemendur leysa með spjallfélaga.
- Nemendur velja sér dæmablöð sniðin að eigin getu í þremur þyngdarstigum 1 - 3 chili.
- Þegar lagt er inn nýtt efni er gott að leggja það fyrir sem þraut sem nemendur eiga að leysa með spjallfélaga.
- Gott að láta nemendur útbúa eigin árangursviðmið þegar búið er að leggja inn nýtt efni (leiðbeiningar um hvernig hægt er að leysa tiltekin dæmi).

Hverri kennslustund er skipt í 3 lotur

Upphitun

- Farið yfir markmið vikunnar/hvers tíma, nemendur skrá markmiðin efst í reikningsbókina sína um leið og þeir setja dagsetningu.

Verkefni

- Unnið með árangursviðmið í gegnum spjallfélagaumræður þar sem nemendur leysa í sameiningu verkefni og tjá sig um lausnaleiðir.
- Stuttar þrautir í tengslum við viðfangsefnið
- Nemendur vinna hver í sínu dæmablaði.
- Sjálfsmat þar sem nemendur meta skilning sinn á viðfangsefni tímans (ljós, broskallar með skilgreiningum).

Lok kennslustunda/samantekt á lærdómi tímans

- Nemendur leysa dæmi einir eða með borðfélögum sem tengist viðfangsefni kennslustundarinnar.
- Borðfélagar taka saman hvað þeir kunna um viðfangsefni tímans.
- Brottfararspjöld

Námsaðlögun

Dæmablöð eru misþung þannig að nemendur geta valið úr þremur þyngdarstigum.

Námsmat

Áhersla er á leiðsagnarmat sem felst í uppbyggingu kennslustundarinnar. Hver kennslustund/vika hefst á að farið er yfir markmið, unnið með árangursviðmið í spjallfélagasamræðum í byrjun kennslustunda og viðmið höfð sýnileg á námsvegg, unnið í áætlun og í lok kennslustunda/viku fer fram mat á því hvar nemendur standa sem nýtt er í næstu kennstustund/viku. Matið fer fram daglega þannig að kennarinn er sífellt að taka stöðuna og gera námsaðlögun byggða á henni.

Námsmat: Nemendur taka lokapróf 8 sinnum á skólaárinu úr einu viðfangsefni í einu. Eftir hverja tvo kafla fá nemendur heimavinnu með upprifjun úr köflunum.

Námsgögn

Dæmablöð unnin að mestu úr Stiku 2a og 2b, æfingaheftum sem fylgja og verkefnablöð nýtt sem ýtarefni.